

FIMM FINGRA ENDURSÖGN

Aldurshópur

Fyrir nemendur sem þurfa að þjálf sig í munnlegri endursögn.

Um aðferðina

Færni nemenda til að endursegja það sem þeir hafa lesið og framsetning þeirra á upplýsingum getur veitt kennara upplýsingar um það hversu góður skilningur nemenda er á texta. Endursögn gerir jafnframt þá kröfu til nemandans að hann veiti innihaldi textans góða athygli og hugi að atburðarás (saga/frásögn) eða innra skipulagi texta (fræðilegur texti). Það er gott fyrir nemendur að fá góða þjálfun í að endursegja texta munnlega áður en krafa er gerð um að þeir skili skriflegri endursögn en eftir munnlega þjálfun er líklegt að þeir verði sjálfstæðari í vinnubrögðum við gerð skriflegrar endursagnar.

Aðferðin er gott hjálpartæki fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í endursögn en hún snýst um það að nota fingur annarrar handar til að rifja upp þá þætti sem þurfa að koma fyrir í góðri endursögn og stendur hver fingur fyrir einn þátt sem verður að koma fyrir í endursögninni.

Markmið aðferðar

- Að efla les- og/eða hlustunarskilning nemenda.
- Að efla munnlega tjáningu nemenda.
- Að auka orðaforða nemenda.
- Að þjálf skammtímaminni og færni nemenda í að setja hugsanir sínar fram á skipulagðan hátt.

Gögn

- Veggspjald með hjálparhöndinni til að minna nemendur á spurningarnar.
- Lítil útgáfa af veggspjaldinu fyrir nemendur sem þeir geta haft hjá sér t.d. þegar þeir æfa sig heima.
- Fimm fingra endursögn – skriflegt verkefni.

Framkvæmd

Innlögn á aðferðinni fylgir að mestu leyti sama ferli og kemur fyrir í verkefninu *Munnleg endursögn á Læsisvefnum* en lögð er áhersla á að stigskiptum stuðningi sé beitt við kennslu á lesskilningstækni sem þessari:

- Kennari útskýrir orðið „endursögn“ fyrir nemendum (að endursegja efni texta með eigin orðum og í rétttri tímaröð).
- Spurningarnar á hjálparhöndinni kynntar og hvernig þær geta hjálpað nemendum við skipulega endursögn á sögu/frásögn. Spurningarnar eru:

- ♦ Pumalfingur: Persónur – um hvern er sagan?
 - ♦ Vísifingur: Sögusvið – hvar og hvenær gerist sagan?
 - ♦ Langatöng: Flækja – um hvað fjallar sagan?
 - ♦ Baugfingur: Atburðarás – hvað gerist í sögunni?
 - ♦ Litli fingur: Sögulok/lausn – hvernig endar sagan?
- **Sýnikennsla:** Kennari gefur nemendum dæmi um endursögn. Hann velur 50 – 100 orða sögubút eða frásögn, les textann upphátt og endursegir efni hans með því að styðjast við hjálparhöndina.
 - **Leiðsögn kennara:** Kennari útskýrir fyrir nemendum að nú æfi þau sig í endursögn og að hann muni hjálpa þeim. Hann velur aftur 50 – 100 orða sögubút eða frásögn og eftir lesturinn fær hann nemendur til að prófa sig áfram í endursögn með hjálparhöndina sér til halds og trausts. Þessi þáttur stuðningsins er endurtekinn þar til kennari telur nemendur færa um að takast á við endursögn texta á eigin spýtur og spurningarnar á hjálparhöndinni eru orðnar nemendum tamar.
 - **Sjálfstæð vinna:** Nú er komið að nemendum að prófa sjálfir. Kennarinn parar nemendur saman, hann úthlutar þeim texta eða leyfir þeim sjálfum að velja texta.
 - Nemendur fá tíma til að lesa söguna/frásögnina og æfa endursögnina með félagi. Nemendur minna hvorn annan á að fylgja spurningunum á hjálparhöndinni fari þeir út af sporinu og veita endurgjöf á endursögn hvors annars.
 - Að síðustu er komið að formlegri endursögn og má framkvæma hana á nokkra vegu:
 - ♦ Tvö pör eða fleiri mynda litla hópa og skiptast á endursögn.
 - ♦ Þörin skiptast á að koma fram og endursegja sína sögu/frásögn fyrir allan bekkinn.
 - ♦ Taka má endursögnina upp sem myndband sem kennari getur skoðað síðar og/eða til að senda á foreldra.
 - ♦ Taka má endursögnina upp sem hljóðskrá þannig að kennari geti hlustað á síðar. Jafnframt væri hægt að safna þessum hljóðskráum í hlaðvarp til skemmtunar, upprifjunar og eins til að leggja mat á framför nemenda yfir ákveðið tímabil.

Skrifleg fimm fingra endursögn

Þegar nemendur eru orðnir leiknir í munnlegri fimm fingra endursögn er hægt að færa sig yfir í skriflega vinnu og gera efni endursagnarinnar sýnilegt með því að skrifa niður það sem skiptir máli. Það getur verið gott fyrir kennara að leggja verkefnið inn með stigskiptum stuðningi því nemendur þurfa að fá þjálfun í að greina aðalatriði frá aukaatriði en það getur krafist umræðna og rökstuðnings af hálfu nemenda. Greining á texta með þessum hætti er líka góð þjálfun í að skoða og læra hvernig texti er uppbyggður og mun þar af leiðandi nýtast nemendum við ritun á eigin texta.

Fimm fingra endursögn

Nafn: _____

Dagsetning: _____

Titill

Atburðarás

Upphaf

Upphaf
miðja
endir

Persónur



Miðja


Sögusvið


Endir



Flækja

Sögulok/Lausn





Persónur: Um hvern er sagan?

Sögusvið: Hvar og hvenær gerist sagan?

Flækja: Um hvað fjallar sagan?

Atburðarás: Hvað gerist í sögunni?

Sögulok/Lausn: Hvernig endar sagan?

 Sögulok/Lausn

upphaf
miðja
endir

Atburðarás



Flækja




Sögu svið



Persónur

Fimm fingra
endursögn

 Sögulok/Lausn

upphaf
miðja
endir

Atburðarás



Flækja



Sögu svið



Persónur

Fimm fingra
endursögn